

Nd.

141. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ríkissjóður ábyrgist lán til botnvörpuskipakaupa í Hafnarfirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 500000 króna lán til botnvörpuskipakaupa í Hafnarfirði, gegn viðunanlegri tryggingu og með öðrum þeim skilyrðum, sem nauðsynleg má telja af hálfu ríkissjóðs.

2. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, flntti 1. þingm. Kjósar- og Gullbr.sýslu í þingbyrjun frumv. til undanþágu frá gildandi lögum um rjett til fiskiveiða í landhelgi, frá 19. júní 1922. Frumv. þetta, sem var felt, er á þingskj. 31, og eru þar færðar gildar ástæður fyrir því, sem óþarft er hjer að rekja, enda standa að öllu leyti óhaggaðar að því er atvinnubrögð í Hafnarfirði snertir.

Nefndinni hafa fyrir skömmu verið send tvö erindi úr Hafnarfirði frá tveim fjelögum þar, sem að eins eru formlega ómynduð. Tjáir annað fjelagið oss, að þeir hafi þegar safnað 27500 króna hlutafje, en eigi vísar 60000 krónur að auki, þegar að því kemur að þeir sjái sjer fært að kaupa skip, en auk þess hafi þeir trygt fjelagsskapinn með því, að þeir, sem á skipinu verða og allir eru hluthafar, leggja fram helming kaups síns upp í andvirði skipsins meðan fjelagið

skuldar. Hitt fjelagið skýrir frá því, að þeir eigi yfir að ráða 100000 króna hlutfje, en meðan þeir ekki fái vissu fyrir láni, alt að 200000 krónum, geti þeir ekki byrjað neitt starf eða myndað fjelag sitt formlega. Bæði hafa fjelög þessi leitað láns í bönkunum, en árangurslaust.

Fjelög þessi hafa því farið þess á leit við sjávarútvegsnefnd Nd., að hún útvegaði hvoru þessara fjelaga ríkisábyrgð fyrir væntanlegum lántökum til kaupa á botnvörpuskipum, sem búist er við að kosti 250 til 300 þúsund kr., gegn 1. veðrjetti í þeim, ef ske mætti, að þeir í útlendum eða innlendum bönkum kynnu fremur að geta fengið lán gegn slíkri ríkisábyrgð heldur en ábyrgð beint í skipunum.

Þar sem mjög margir alþingismenn hafa látið þess getið, að ekki væri nema maklegt og sanngjarnt, að Hafnarfjörður nyti einhvers stuðnings frá opinberri hlið til þess að eignast hæfilegan skipastól, og þar sem ekki er óhngsandi að þetta kunni að hjálpa til byrjunar, þá mælir sjávarútvegsnefndin með því — að undanteknum 2. þm. Rvíkur — að frv. þetta nái framgöngu.